

# Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademíunnar 2. tölublað 1. árgangur 2. nóvember



Frá Alheimsmótinu í leifturskák sem haldið var á Skákhátíð Skákakademíunnar á Menningarnótt.

## Frá Skákakademíunni

Það er með umtalsverðri ánægju sem við sendum frá okkur Fréttaskeyti Skákakademíunnar. Útgáfan verður rafræn og mun blaðið koma út vikulega – á föstudagsmorgnum. Efnistökin munu beinast að **starfi Skákakademíunnar** en einnig verður sitthvað fleira á boðstólnum. Til að mynda verður reglulega fjallað um **alþjóðleg skákmót, sterkir skákmenn teknir í stutt viðtöl** og fréttir sagðar af **skákstarfi á landsbyggðinni**. Við sem komum að starfi Skákakademíunnar eigum það öll sameiginlegt að hafa mikla ástríðu fyrir skákinni, og óbilandi trú á mannbætandi gildi hennar. Enda hefur það sýnt sig og sannað á svo margan hátt hvað skákin getur gert fyrir einstaklinga á öllum aldri.

*Stefán Bergsson, framkvæmdastjóri Skákakademíunnar.*

*„Við erum ein fjölskylda.“*



## Fjöltefli Stebba stórmeistara

**Stefán Kristjánsson stórmeistari** hefur skorað á öll reykvísk skólabörn í fjöltefli.

**Fjölteflissyrpa Stefáns** hófst föstudaginn 26. október í **Kjalarnesskóla**. Þar er mikill

skákáhugi og kennir **Björn Ívar Karlsson** skák þrjár kennslustundir alla föstudaga. Mættu 26 nemendur í fjölteflið gegn Stefáni sem gaf ekkert eftir og lagði alla sína andstæðinga með tölu. Mánudaginn 29. október var svo Stefán mættur í sjálfan **Rimaskóla** þar sem 22 krakkar tóku áskorun Stefáns. Hefur Stefán nú teflt gegn **48 ungum skákmönnum** í reykvískum grunnskólum og lagt alla að velli og því spennandi að sjá hver verður fyrstur til að marka á stórmeistarann – og hljóta vegleg verðlaun frá **Skákakademíunni**.

## Skemmtilegar staðreyndir um skák

- **Fyrsti stórmeistarinn** sem **Friðrik Ólafsson** lagði að velli var fæddur **1881**. Hann hét Savielly Tartakower og var meðal bestu skákmanna heims á fyrri hluta 20. aldar.
- Í stað **biskupa** voru einu sinni **fílar**! Skákin var nefnilega fundin upp á Indlandi fyrir 1500 árum og byggð á indverska hernum – og þar voru stríðsfílar í lykilhlutverkum.
- Áður en það komu ELO-stig voru notuð **Ákastig** og höfðu þeir bestu nærrum því 5000 Ákastig!
- **Magnus Carlsen** besti skákmaður heims er rosalega **góður í fótbolta**!

## Líf og fjör í Laugardal: Skákskólinn Laugalækjarskóli




### Reykjavíkurmeistarar 2012 – skáksveit Laugalækjarskóla.

Sveitina skipa frá vinstri: **Rafnar Friðriksson**, **Jóhannes Kári Sólmundarson**, **Garðar Sigurðarson**, **Arnar Ingi Njarðarson** og þjálfari drengjanna hann **Svavar Viktorsson**.

**Laugalækjarskóli** er mikill skákskóli og hefur verið allengi. Fyrir nokkrum árum varð skólinn **Norðurlandameistari grunnskóla** þrjú ár í röð. Þá sveit leiddi jafnan **Daði Ómarsson** sem er í dag einn sterkasti skákmaður **Taflfélags Reykjavíkur**. Nokkrum árum síðar kom upp sterkur árgangur pilta fædda kringum 1994, sem urðu Reykjavíkurmeistarar með Örn Leó Jóhannsson í broddi fylkingar. Á Reykjavíkurmóti grunnskóla 2012 vann skólinn svo óvæntan en afar sætan sigur og er því **ríkjandi Reykjavíkurmeistari**. Þá sveit skólans skipa piltar sem eru nú í 10. bekk og mæta á úrvalsæfingar Skákakademiunnar sem haldnar eru í skólanum á miðvikudögum. Um **80 krakkar** mæta svo í **skákval** á fimmtudagsmorgnum sem **Svavar Viktorsson**, þrælsterkur skákmaður Víkingaklúbbsins og kennari við skólann sér um. Skólinn stendur fyrir ýmsum skákviðburðum á hverju ári og er án vafa einn mesti skákskóli Reykjavíkur.

## Alþjóðlegt mót vikunnar: Gíbraltar Masters



Fagurt er útsýnið frá hinu frábæra hóteli Caleta.

**Gíbraltar Masters** er gríðarlega skemmtilegt og sterkt opið skákmót haldið á Gíbraltar, sem er í raun bara **klettur rétt við endann á Spáni**. Nú þegar eru **86 keppendur** skráðir. Allt frá **2700stiga** mönnum niður í **1600stiga** menn. Í ár verða til dæmis **Short, Shirov, Ivantsjúk og Kamsky með!** Mótið er frá **22. – 31. jan** og er haldið á frábæru hóteli þar sem flestir keppendur gista einnig. **Nokkrir Íslendingar fóru á mótið á árunum 2005-2006** og líkuðu mótshaldið afar vel. Hótelið stendur alveg við sjóinn og er um það bil **fimm mínútna leigubílaferð í snotran miðbæ** sem gerir mikið út á ferðamenn. Gíbraltar tilheyrir Bretlandi og er nokkuð **bresk menning** í bænum. Stutt er svo yfir **landamærin til Spánar** og hægt að fara í dagsferðir þangað. Á mótinu eru tefldar **10 umferðir, ein á dag 10 daga í röð** með nokkuð rúmum umhugsunartíma á hverja skák. Mikil umgjörð er í kringum mótið eins og umfjallanir um hverja umferð að henni lokinni, fyrirlestrar o.s.frv. **Veðrið er mjög gott á Gíbraltar í janúar** – sól og blíða en þó ekki of heitt. Þetta er í raun eitt **besta mót** sem völ er á! Öll skráningargjöld, eins manns herbergi, morgunverður og kvöldverður kosta samtals: 237.000 kr. Í tveggja manna herbergi er sami pakki á 170.000 kr. og í þriggja manna herbergi 150.000. Best er að fljúga til Gíbraltar með því að **fljúga til London** og þaðan **beint til Gíbraltar**. Afar þægileg flugleið.


Þægindastig: 9

Styrkleikastig: 9

Skákgildisstig: 9

Kostnaðarstig: 10

## Skákbraut vikunnar: Riddararnir dansa tangó



### Hvítur mátar í tveimur leikjum!

Við lausn skákbrauta þarf oft að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Lausnin er yfirleitt ekki sú sem liggur beinust við, heldur einhver allt önnur og frumleg. Í þessari stöðu þýður lítið fyrir hvítan að vekja upp drottningu, þá yrði hann sjálfur mát. Íslenski hesturinn er afbragðs útflutningsvara; **1. Rc8+ Hxc8. 2. dxc8=R! Skák og mát.**

# Skákbúðir að Úlfljótsvatni



## Heldur betur vaskur hópur skákungmenna!

Það voru **36 börn og unglingar** ásamt 7 skákkennurum, fararstjórum og aðstoðarmönnum sem tóku þátt í **skákbúðum Fjölnis** sem haldnar voru öðru sinni, nú að Úlfljótsvatni í skátamiðstöðinni þar. **Skákakademían og Skákskóli Íslands** voru í samstarfi við Fjölnismenn og lögðu til úrvalskennara þá Helga Ólafsson og Stefán Bergsson.

Öllu var tjaldað til að gera skákbúðirnar sem árangursríkastar og ánægjulegastar. Aðstaðan að Úlfljótsvatni er frábær, upphaldsmatur krakkanna var í hvert mál, vistleg svefnherbergi og leikaðstaða utan dyra heilt ævintýraland. Loks var það veðrið sem lék við þátttakendur, haustveður eins og það gerist best og fallegast. Nákvæmlega tímasett dagskrá skákbúðanna skiptist í kennslu og frjálsan leik, matmálstíma og kvöldvöku. Helgin heppnaðist frábærlega í alla staði og lifir minningin um góðar skákbúðir lengi.

*(Byggt á pistli Helga Árnasonar sem birtist á [skak.is](http://skak.is))*

# Landsbyggðarhornið



**Í Grímsey er teflt í heita pottinum.**

Það er mun meir teflt á landsbyggðinni en mætti halda af umfjöllun. Kom það vel í ljós á **Skákdaginn 26. janúar** þegar létt og löðurmannlegt verk var unnið með því að virkja þá fjölmörgu skákmenn – og konur sem úti á landi búa. Í haust fór **Skákakademían** í heimsókn á **Grunnskólann á Hellu**. Kennari einn við skólann er sá mæti skákmaður **Björgvin Guðmundsson í SSON** – sem kennir nú skák við skólann nokkra tíma á viku. Er fyrirkomulagið þannig að Björgin fær til sín nemendahóp einu sinni í viku sem mætir í skáktíma nokkrar vikur í röð. Læra þannig fjölmargir nemendur skólans undirstöðuatriðin í skák og fyrir þá áhugasömustu er boðið upp á eina skákæfingu á viku eftir skóla. Ljómandi flott módel sem virkar vel.

# Fjölskylduhornið



**Finnur Kr. Finnsson við kennslu í Ársafni.**

Nokkrar nýjar skákæfingar eru í boði fyrir börn.

Nú eru skákæfingar hafnar í **Ársafni í Árbæ**. Þær eru á **sunnudögum** klukkan **14:00-15:00**. **Björn Ívar Karlsson** frá Skákakademiunni kennir og nýtur stuðnings skákmanna frá **Skákfélagi eldri borgara**.

Fyrir krakka í **Vesturbænum** eru svo æfingar á miðvikudögum frá **17:30 – 18:30**. Æfingarnar eru í félagsheimili KR að Frostaskjóli. **Stefán Bergsson, Veronika Steinunn Magnúsdóttir og Björn Ívar Karlsson** kenna.

Þá eru skákæfingar annan hvern miðvikudag í **Víkinni**. **Víkingaklúbburinn** stendur að æfingunum sem eru frá **17:00 – 19:00** og verður **næsta æfing haldin 14. nóvember**. Tilvalið fyrir krakka sem búa í Fossvoginum.

## Skólamaður vikunnar: Björn M. Björgvinsson skólastjóri í Laugalækjarskóla

1. Nú er Laugalækjarskóli mikill skákskóli. Geturðu rakið söguna, hvenær skákkennsla hefst, í hvaða formi hún hefur verið og helstu umsjónarmenn skákkennslu í skólanum í sögulegu tilliti?

Þegar ég byrja að kenna við skólann er þráinn Guðmundsson skólastjóri sem síðar varð forseti Skáksambands Íslands og fararstjóri á fjölmörgum skákmótum. Þegar best gekk hjá íslenskum skákmönnum var mikill áhugi á að fylgjast með. Hin almenna skákiðkunn á meðal nemenda breiðist síðar út og má nefna þar til sögunar Torfa Leósson og Jón Pál Haraldsson aðstoðarskólastjóra. Í dag sér Svavar Viktorsson um skákkennslu á dagtíma skólans og undanfarin ár hafa Björn Ívar Karlsson og Stefán Bergsson sinnt skákþjálfun eftir skóla.

2. Hvernig er skipulagi skákkennslu háttað í skólanum skólaveturinn 2012-13?  
Nemendur í 7. – 10. bekk geta valið skák sem valgrein – tvær kennslustundir á viku. Þar fyrir utan eru skákæfingar og auk þessa er innanskólamót og einnig eigum við farsælt samstarf við aðra skóla s.s. Rimaskóla, Hagaskóla og Vætaskóla/Engja. Auk þess standa uppi skákborð sem nemendur geta notað í öllum hléum.
3. Hvaða áhrif hefur skákáherslan í skólanum haft á starf skólans og ímynd hans?  
Það er augljóst að þeir sem fylgjast með skák fylgjast einnig með hvernig skólum gengur á skákmótum. Ég hef átt tal við menn út í bæ sem hafa spurt út í hinn mikla skákáhuga í Laugalækjarskóla.
4. Telur þú skák á einhvern hátt vera mannbætandi eða þroskandi. Hvernig þá helst?  
Já, ég tel að þeir sem sinna skákiðkunn af fullum krafti öðlist meiri ró og yfirvegum í daglegri umgengni.
5. Telur þú að skák eigi að kenna öllum skólabörnum á unga aldri? Þannig að skákin verði hluti af námi ungra barna rétt eins og íslenska, tónmennt og íþróttir t.d.  
Jú, vissulega væri það gaman ef það væri hægt. Það er ávallt spurning um hver forgangsöröðun í skólastarfi á að vera.
6. Áttu þér sjálfur skákferil í einhverri mynd?  
Nei, en ég hef tekið þátt í skákkeppni stofnanna og einnig á ég eina skák við séra Lombardy í fjöltefli á Sauðárkróki. Við ræðum ekki um niðurstöðuna.
7. Áttu þér uppáhaldsskákmann?  
Maður á mínum aldri nefnir Friðrik Ólafsson. Hann er í mínum huga skákmaður Íslands.
8. Veistu hver er heimsmeistari í skák?  
Ég er ekki viss – er það Anand ?